# Deiliskipulag íþrótta- og þjónustusvæðis við Jakobínutún

Hólmavík, Strandabyggð.







Hluti af staðfestu aðalskipulagi fyrir Strandabyggð frá maí 2011

## Deiliskipulag íþrótta- og þjónustusvæðis við Jakobínutún, Hólmavík, Strandabyggð.

*Lýsing á skipulagsáætlun verður ekki gerð þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í staðfestu aðalskipulagi Strandabyggðar 2011-2022 frá 3. maí 2011.*

*Mörk deiliskipulagsins eru Hafnarbraut í suðri, ásinn í vestri, efrimörk íþróttasvæðis og væntanlegt íbúðarsvæði í norðri og íbúðarbyggð við Skólabraut og Vitabraut í austri. Í aðalskipulag Strandabyggðar ert gert ráð fyrir að á þessu svæði verði landnotkun: verslunar- og þjónustusvæði, íþróttasvæði og tjaldsvæði. Í aðalskipulaginu eru skilgreindir eftirtaldir reitir; S 11, S 12, S 13 O 4 og O5. Á þessum reitum er gert ráð fyrir mögulegum breytingum á núverandi byggingum og nýbyggingar fyrir íþróttastarfsemi, verslanir og þjónustustarfsemi, m.a. ferðaþjónustu.*

*Um deiliskipulagssvæðið er gert ráð fyrir götutengingu að fyrirhuguðu íbúðarhverfi " Brandsskjól" fyrir vestan Skólabraut og ofan við íþróttasvæðið og tengingu þeirrar götu við vesturenda Vitabrautar. Aðkoma að svæðinu af Hafnarbraut er skilgreind og er sett gagnstætt Höfðatúni. Heimilt er að hnika til götulínu vegna landfræðilegra aðstæðna.*

*Markmið þessa deilisipulags er að uppfylla kröfur aðalskipulagsins, skilgreina lóðir og nýtingu þeirra. Lóðirnar Jakobínutún 3, 5 og 7, áður Norðurtún 1, 3 og 5, stækka með nýrri skilgreiningu á lóðum.*

*Deiliskipulagsákvæði:*

*Sameiginleg ákvæði fyrir allt deiliskipulagssvæðið eru:*
*Afvötnun þaka, bifreiðastæða og tjaldsvæða innan deiliskipulagssvæðisins verði sett í sérstakar „púkk"gryfjur innan lóðar en ekki í fráveitukerfi bæjarins.*

*Með samþykkt deiliskipulagsins verða gerð hnitsett lóðarblöð með ákvæðum um tengingar við veitukerfi bæjarins.*

*Á sameiginlegu bifreiðastæði fyrir svæðið allt eru 36 bifreiðastæði auk stæða á tjaldstæðum og húsbílastæðum.*

*Allar byggingar skulu uppfylla kröfur laga og reglugerða, sem taka til bygginga með áætlaðri notkun og neðangreindum ákvæðum fyrir hverja lóð.*

*Jakobínutún 1*
*Á lóðinni Jakobínuntún 1 er heimilt að reisa byggingu og eða byggingar fyrir ferðaþjónustu þ.e. gistirými og tilheyrandi veitinga- og þjónustuaðstöðu. Nýtingarhlutall lóðarinnar skal vera að lágmarki 0.2 og að hámarki 0.4. Hámarkshæð bygginga skal vera 8 metrar yfir meðal hæð lands undir byggingu. Innan lóðar eru 14 bifreiðastæði. Innan lóðar er heimilt að reisa sjálfstæð leiktæki og listaverk allt að 4 metra há þó aldrei nær byggingum en 5 metra.*

*Jakobínutún 3*
*Á lóðinni Jakobínutún 3 er til staðar félagsheimili. Nýtingarhlutfall lóðarinnar skal vera að hámarki 0.5. Heimilt verður að stækka félagsheimilið um 600 m². Stækkun félagsheimilisins skal vera í fullu samræmi við núverandi byggingu og hæð stækkunar skal ekki fara yfir hæð núverandi byggingu.*
*Innan lóðar eru 17 bifreiðastæði með sameiginlegri aðkomu með Jakobínutúni 5.*

*Jakobínutún 5*
*Á lóðinni Jakobínutún 5 er til staðar Íþróttamiðstöð, íþróttasalur og sundlaug ásamt búningsherbergjum. Nýtingarhlutfall lóðarinnar skal vera að hámarki 0.5. Heimilt verður að stækka íþróttamiðstöðina um 780 m². Stækkun íþróttamiðstöðvarinnar skal vera í fullu samræmi við núverandi byggingu og hæð stækkunar skal ekki fara yfir hæð núverandi byggingu. Innan lóðar eru 17 bifreiðastæði með sameiginlegri aðkomu með Jakobínutúni 3.*

*Jakobínutún 7*
*Á lóðinni Jakobínutún 7 er til staðar kyndistöð. Nýtingarhlutfall lóðarinnar skal vera að hámarki 0.3. Heimilt verður að stækka kyndistöðina og einnig að byggja aðstöðuhús/þjónustuhús fyrir tjaldtæðið á þessari lóð. Stækkun kyndistöðvarinnar skal vera í fullu samræmi við núverandi byggingu og hæð stækkunar skal ekki fara yfir hæð núverandi byggingu. Aðstöðuhús skal vera einnar hæðar að hámarki 4 m metrar yfir meðal hæð lands undir byggingu.*

*Jakobínutún 9*
*Lóðin Jakobínutún 9 er áætluð fyrir óyfirbyggð íþróttamannvirki þ.e. íþróttavöll með hlaupabrautum, áhorfendastæðum. Á skýringarteikningu með þessu deiliskipulagi er sýnd lega og stærð íþróttavallar. Heimilt er að byggja á lóðinni nauðsynlegar byggingar vegna íþróttavallarins eins og vallarhús, áhaldageymslur og veituhús. Með umsókn um framkvæmdarleyfis vegna gerðar íþróttavallar skal fylgja nákvæm afstöðumynd og sniðmyndir.*

*Tjaldsvæði*
*Tjaldsvæði og stæði fyrir tjaldvagna og húsbíla eru ekki á skilgreindri lóð. Þessi svæði eru til staðar og hafa þróast eftir því sem breytingar hafa orðið á ferðavenjum fólks. Heimilt er að koma fyrir rafmagnstengingum fyrir ferðavagna og smáhýsum fyrir snyrtingar og uppþvott á tjaldsvæðunum.*

*Opin svæði*
*Önnur svæði innan deiliskipulagssvæðisins eru opin svæði og ætluð fyrir göngustíga, gróður og almenna útivist fólks.*

*Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt*
*1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010,*
*var samþykkt í sveitastjórn Strandabyggðar*

*þann, ______________________*

______________________________________________

*Samþykkt deiliskipulags var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda*

*þann, ______________________*


MarkSTOFAehf
8. ágúst 2014 Merkigerði 18 300 Akranes
Magnús H. Ólafsson 150550-4759 arkitekt FAÍ. netfang: mark@isholf.is